

## Varðar – Hamarshöfði 6 – Skráningarskyldur atvinnurekstur

### Skipulag:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Hamarshöfði 6 borgarhluta 8 Grafarvogur og er á skilgreindu athafnarsvæði AT1a.

Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 1. júní 1999 með síðari breytingum.



Ofanmynd frá Skipulagssjá



Götumynd

### Umsögn:

Húsið á lóð nr. 6 við Hamarshöfða er iðnaðarhúsnæði, byggt árið 1987 skv. fasteignaskrá. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa á umsókn um skráningarskyldan atvinnurekstur fyrir bifreiða og vélaverkstæði á vegum Bifreiðaverkstæðið Höfði slf., kt. 590810-0100, að fnr. 2043096.

Samkvæmt aðalskipulagi er hús nr. 6 við Hamarshöfða staðsett á athafnarsvæði AT1a Höfðar-vestur. Fyrst og fremst léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmisfrek verslun, svo sem bílasölur.

### Niðurstaða:

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd á veitingu leyfis vegna atvinnureksturs fyrir bifreiða og vélaverkstæði á lóð nr. 6 við Hamarshöfða, fnr. 2043096, samræmist aðalskipulagi.

**f.h. skipulagsfulltrúa,**

Katrín Eir Kjartansdóttir, sérfræðingur